



Kattavernd

Vátryggingarskilmálar nr. ED13

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ED13.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

- I. Inngangur
- II. Almennir skilmálar
- III. Sjúkrakostnaðartrygging
- IV. Líffrygging
- V. Afnotamissistrygging
- Eingöngu hægt að kaupa sem viðbót við líffryggingu
- VI. Umönnunartygging
- VII. Ábyrgðartrygging

I. Inngangur

Í skilmálum þessum er að finna skilmála fyrir vátryggingar í Kattavernd VÍS svo og almenna skilmála fyrir þær vátryggingar. Á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun kemur fram hvaða vátryggingar eru í gildi fyrir viðkomandi kött.

II. Almennir skilmálar

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður
3. Vátryggingin gildir
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Varúðarreglur
6. Brot á varúðarreglum
7. Samsömun
8. Greiðsla iðgjalds
9. Endurgreiðsla iðgjalds
10. Eigendaskipti
11. Sly
12. Sjúkdómur
13. Lækniskostnaður

14. Læknismeðferð
15. Tvítrygging
16. Umferðaróhapp
17. Upplýsingaöflun
18. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til þess kattar sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggður

- 2.1 Eigandi kattarins er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu vátryggða eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

- 3.1 Vátryggingin gildir á Íslandi.
- 3.2 Fyrir innfluttan kött tekur vátryggingin gildi eftir dvöl hans í einangrunarstöð eða sambærilegri stofnun, nema annað komi fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 4.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 4.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppbots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Umhirða kattarins, vistarverur og fóðrun, skal vera í samræmi við ákvæði laga um dýravernd



nr. 15/1994 með síðari breytingum, svo og öðrum lögum og reglugerðum sem við eiga.

- 5.2 Kötturinn skal bólusetur fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja. Einnig skal farið eftir öðrum ráðleggingum dýralækna varðandi heilsu kattarins. Farið skal eftir þeim heilbrigðiskröfum sem eru skilyrtar í leyfum vegna kattahalds.
- 5.3 Ef feldur kattarins krefst sérstakrar meðferðar, loftslags, rakastigs eða hann hefur aðrar sérstakar þarfir eða þolir ekki venjulega umhirðu, skal váttryggingartaki bera ábyrgð á að þess sé gætt.
- 5.4 Váttryggingartaki verður að hafa samband við dýralækni eins fljótt og auðið er, ef kötturinn sýnir merki um lasleika eða þyngdartap. Einnig þarf að hafa tafarlaust samband við dýralækni hraki heilsu dýrsins meðan á meðferð stendur. Fylgja skal fyrirmælum dýralæknis skilyrðislaust á meðan kötturinn er í meðferð hjá honum vegna sjúkdóms eða slyss.
- 5.5 Váttryggingartaki skal halda utan um allar heimsóknir kattarins til dýralæknis.
- 5.6 Sé ferðast með köttinn í farartæki skal hann vera í þar til gerðu búri sem er tryggilega fest niður í farartækinu.

6. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Samsömun

- 7.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinum váttryggða ketti.
- 7.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda váttryggðs og umsjónarmanni hins váttryggða kattar.

8. Greiðsla iðgjalds

- 8.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 8.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Endurgreiðsla iðgjalds

- 9.1 Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi.
- 9.2 Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 9.3 Ef tjón er bætt úr líftryggingu eða afnotamissistryggingu falla allar tryggingar kattarins í Kattavernd niður frá tjónsdegi. Ef kötturinn lifir gilda ábyrgðartryggingin og umönnunartryggingin þó áfram, ef þær voru til staðar þegar tjónið varð.

10. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinum váttryggða ketti fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

11. Sly

Með orðinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, eða verknað kattarins sjálfs, sem veldur meiðslum á kettinum og gerist án vilja þess sem annast hann.

12. Sjúkdómur

Með orðinu sjúkdómur er átt við að kötturinn veikist af þekktum og skilgreindum sjúkdómi.

13. Lækniskostnaður

- 13.1 Með orðinu lækniskostnaður er átt við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms og slyss. Ennfremur lyfja sem sömu aðilar afhenda eða ávísa vegna sjúkdóma og slysa.
- 13.2 Ferða- og flutningskostnaður vegna meðferðar og skoðunar telst ekki vera lækniskostnaður.
- 13.3 Kostnaður vegna sjúkrahjálfunar og endurhæfingar telst ekki vera lækniskostnaður.
- 13.4 Fóður, fæðubótarefni, heilsu- og hreinlætisvörur og aðrar sambærilegar vörur teljast ekki vera lækniskostnaður.



14. Læknismeðferð

Skoðun og meðferð skal vera framkvæmd afdýralæknis með starfsleyfi á Íslandi og í samræmi við reynslu, sérfræðipækkingu og viðurkenndar aðferðir á sviði dýralækninga.

15. Tvítrygging

15.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

15.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 15.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu

16. Umferðaróhapp

Ef ekið er á köttinn verður að skila inn upplýsingum um hvaða ökutæki átti í hlut. Ef það er ekki vitað skal tilkynna lögreglu um að ekið hafi verið á köttinn og skila lögregluskýrslu til félagsins.

17. Upplýsingaöflun

Við uppgjör tjóns og ákvörðun bótaskyldu er félaginu heimilt að afla upplýsinga hjá dýralæknum um fyrri sjúkrasögu og heilsufar kattarins og annað sem skipt getur máli við uppgjör tjónsins.

18. Fyrning

18.1 Vegna ábyrgðartryggingar fyrnist ábyrgð félagsins samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

18.2 Vegna annarra vátrygginga fyrnist krafa um bætur á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

III. Sjúkrakostnaðartrygging

Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Vátryggingarfjárhæð
3. Aldurstakmörk
4. Eigin áhætta
5. Bótakrafa

1. Bótasvið

Vátryggingin bætir lækniskostnað vegna:

- 1.1 Skoðunar og meðferðar kattarins vegna sjúkdóms eða slyss.
- 1.2 Keisaraskurðar sem talinn er læknisfræðilega nauðsynlegur að álit dýralæknis, þó greiðir félagið aldrei meira en tvo keisaraskurði vegna hverrar læðu meðan hún lifir.
- 1.3 Geldingar eða ófrjósemisaðgerðar sem framkvæma þarf af læknisfræðilegum ástæðum vegna eftirfarandi sjúkdóma: sykursýki (diabetes mellitus), legbólgu (metritis) og meiðsla vegna gots.
- 1.4 Lýtalækninga sem taldar eru læknisfræðilega nauðsynlegar að mati dýralæknis.

Vátryggingin bætir ekki lækniskostnað vegna:

- 1.5 Sjúkdóms sem kötturinn fær innan 14 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álit dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
- 1.6 Geldingar eða ófrjósemisaðgerðar vegna annarra orsaka en getið er í gr. 1.3 í þessum kafla.
- 1.7 Naflakviðslits (umbilical hernia), launeista (cryptorchidism) og hnykks í skotti (crooked tail).
- 1.8 Fyrirbyggjandi aðgerða og reglulegra skoðana.
- 1.9 Skoðunar og meðferðar sem ekki er læknisfræðilega nauðsynleg og/eða réttlætunleg.
- 1.10 Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr vátryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.



- 1.11 Geðsjúkdóma, atferlisbrests eða skapgerðargalla.
- 1.12 Sjúkdóma í tannholdi, tannhirðu, tannviðgerða eða galla í tönnum eða biti. Vátryggingin bætir þó meðhöndlun á tönnum sem brotna vegna slyss.
- 1.13 Segulóm skoðunar (**Magnetic Resonance Imaging, MRI**) eða sneiðmyndatöku (**Computer Tomography, CT**).
- 1.14 Sýnatöku og rannsóknir til þess að ákvarða mótefni eða styrk mótefna.
- 1.15 Prófa á því hvort kattahópur er með hvítblæði (leukosis), smitandi lífhimnubólgu (**Feline Infectious Peritonitis, FIP**) eða hringorma (ring worm).
- 1.16 Smitandi lífhimnubólgu (FIP) í ketti, sem tilheyrir kattahópi, og var tryggður eftir að smitandi lífhimnubólga (FIP) fannst í hópnum, þar til félagið ákveður annað.
- 1.17 Smitandi lífhimnubólgu (FIP) í ketti sem hefur verið tryggður hjá félaginu skemur en eitt ár.
- 1.18 Kattafárs (feline parvovirus infection) nema kötturinn hafi verið bólusettur á síðustu 12 mánuðum áður en sýkingin hófst.

Félagið greiðir ekki:

Álag á læknskostnað vegna þess að leita þurfti til dýralæknis utan dagvinnutíma, nema brýna nauðsyn hafi borið til.

Kostnað vegna lyfseðla, reikningsgerðar, vottorða eða sjúkraskýslugerðar.

2. Vátryggingarfjárhæð

- 2.1 Vátryggingarfjárhæð, sem er hámarksbætur í hverju tjóni, og jafnframt hámarksbætur á hverju vátryggingartímabili kemur fram á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Þegar talað er um hámarksbætur er átt við bætur, þegar búið er að draga eigin áhættu frá.
- 2.3 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

3. Aldurstakmörk

Við endurnýjun á því almanaksári sem kötturinn verður 7 ára gamall lækka hámarksbætur um 10%, og síðan árlega um 10% af hámarksbótum hverju sinni við endurnýjun næstu 3 árin.

4. Eigin áhætta

- 4.1 Hvert tímabil eigin áhættu er 100 dagar.

Á hverju tímabili greiðir vátryggingartaki einu sinni fasta fjárhæð í eigin áhættu sem er tilgreind á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun og síðan 10% af læknskostnaði á tímabilinu umfram hana.

- 4.2 Upphaf tímabils miðast við þá dagsetningu er fyrst er leitað til dýralæknis vegna tjóns sem telst bótaskyldt úr vátryggingunni. Tímabilinu lýkur 100 dögum síðar.
- 4.3 Næsta tímabil eigin áhættu hefst síðan við næstu heimsókn til dýralæknis vegna bótaskylds tjóns.
- 4.4 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

5. Bótakrafa

Með bótakröfu skal skila nákvæmri sundurliðun á kostnaði við meðferð og skoðun. Þar skal einnig koma skýrt fram vegna hvaða kattar kostnaðurinn er, með því að láta fylgja upplýsingar um tegund kattarins og einstaklingsmerkingu, svo sem örmerki eða húðflúrnumér auk annarra einkenna kattarins.

IV. Líftrygging

Efnisyfirlit:

- 1. Bótasvið
- 2. Vátryggingarfjárhæð
- 3. Ákvörðun bóta
- 4. Aldurstakmörk

1. Bótasvið

Félagið greiðir bætur ef:

- 1.1 Kötturinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
- 1.2 Kötturinn er svo sjúkur eða slasaður að aflífun er ráðlögð samkvæmt álitum dýralæknis, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunar-sjónarmið.

Félagið greiðir ekki bætur ef kötturinn deyr eða þarf að aflífa hann vegna:

- 1.3 Sjúkdóms sem kötturinn fær innan 14 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir



þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.

- 1.4 Geðsjúkdóms, atferlisbrests eða skapgerðargalla.
- 1.5 Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr váttryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.
- 1.6 Krónískra smitsjúkdóma sem ekki sýna einkenni hjá kettinum sjálfum þ.e. kettir sem eru einkennalausir smitberar.
- 1.7 Smitandi lífhimnubólgu (FIP) í ketti sem tilheyrir kattahópi sem var tryggður eftir að smitandi lífhimnubólga (FIP) fannst í hópnum, þar til félagið ákveður annað.
- 1.8 Smitandi lífhimnubólgu (FIP) í ketti sem hefur verið tryggður hjá félaginu skemur en eitt ár.
- 1.9 Arfgengs fjölblöðrunýra (autosomal dominant Polycystic Kidney Disease, PKD) hjá persneskum og exotic köttum nema foreldrar hafi sannanlega verið lausir við PKD.
- 1.10 Kattafárs (feline parvovirus infection) nema kötturinn hafi verið bólusettur á síðustu 12 mánuðum áður en sýkingin hófst.
- 1.11 Fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana um að aflífa þurfi köttinn.
- 1.12 Félagið getur farið fram á krufingu telji félagið að það sé nauðsynlegt til að skera úr um bótaskyldu eða orsök dauða kattarins. Í slíkum tilfellum greiðir félagið krufninguna.

2. Váttryggingarfjárhæð

- 2.1 Váttryggingarfjárhæð kattarins skal vera jafnhá markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum. Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Upphæð váttryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti kattarins.

3. Ákvörðun bóta

- 3.1 Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði kattarins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærrí en váttryggingarfjárhæð.

- 3.2 Aldrei eru greiddar bætur vegna sama váttryggingaratburðar úr líftryggingu og afnotamissistryggingu.

4. Aldurstakmörk

Við endurnýjun á því almanaksári sem kötturinn verður 8 ára gamall lækkar váttryggingarfjárhæðin um 10%, og síðan um 10% af eftirstöðvum fjárhæðinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Váttryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem kötturinn verður 13 ára.

V. Afnotamissistrygging

Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Váttryggingarfjárhæð
3. Ákvörðun bóta
4. Aldursmörk

Inngangur

Váttryggingin er fyrir ketti sem eru notaðir eða munu verða notaðir í kynbótaræktun. Eingöngu hægt að kaupa sem viðbót við líftryggingu.

1. Bótasvið

Félagið greiðir bætur ef:

- 1.1 Ræktunarköttur hefur tapað frjósemi vegna sjúkdóms í legi, eggjastokkum, blöðruhálskirtli eða eistum.
- 1.2 Læða verður ekki kettlingafull eftir mökun við tvo högna sem báðir eru frjósamir og hafa þegar getið af sér kettlinga. Rannsaka skal læðuna til að útiloka að um skammvinn, tilfallandi sjúkdómsástand sé að ræða.

Bætur samkvæmt gr. 1.1 og 1.2 vegna kattar sem ekki er hægt að nota í ræktun eru ekki greiddar út fyrr en váttryggingartaki hefur látið gelda köttinn.

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- 1.3 Sjúkdóms sem kötturinn fær innan 14 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla



- grundvallast á álitni dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
- 1.4 Læðu sem hefur þrisvar átt kettlinga.
 - 1.5 Læðu sem hefur náð sex ára aldri og hefur aldrei eignast kettlinga né heldur högna sem hefur náð sex ára aldri og hefur ekki getið af sér kettlinga.
 - 1.6 Utanálíggjandi galla, naflakviðslits (umbilical hernia), launeista (cryptorchidism) eða hnykks í skotti (crooked tail).
 - 1.7 Galla í tönnum eða biti.
 - 1.8 Geðsjúkdóms, atferlisbrests eða skapgerðargalla.
 - 1.9 Arfengs fjölblöðrunýra (autosomal dominant Polycystic Kidney Disease, PKD) hjá persneskum og exotic köttum nema foreldrar hafi sannanlega verið lausir við PKD.
 - 1.10 Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr váttryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.

2. Váttryggingarfjárhæð

- 2.1 Váttryggingarfjárhæð kattarins skal vera jafnhá markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum. Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Upphæð váttryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti kattarins.

3. Ákvörðun bóta

- 3.1 Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði kattarins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærri en váttryggingarfjárhæð.
- 3.2. Aldrei eru greiddar bætur vegna sama váttryggingaratburðar úr líftryggingu og afnotamissistryggingu.

4. Aldursmörk

Við endurnýjun á því almanaksári sem kötturinn verður 8 ára gamall lækkar váttryggingarfjárhæðin um 10%, og síðan um 10% af eftirstöðvum fjárhæðinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Váttryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem kötturinn verður 13 ára.

VI. Umönnunartrygging

Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Váttryggingarfjárhæð
3. Bótatími
4. Bótakrafa

1. Bótasvið

Félagið greiðir kostnað vegna:

- 1.1 Vistunar og gæslu kattarins á dýrahótelum eða sambærilegri stofnun, ef váttryggingartaki eða annar fjölskyldumeðlimur með sama lögheimili og býr á sama stað slasast svo alvarlega eða veikist, að ekki er hægt að veita kettinum þá umönnun sem hann þarfnast.

Félagið greiðir ekki kostnað vegna:

- 1.2 Sjúkdóms eða meiðsla sem áttu sér upphaf áður en váttryggingin var tekin.
- 1.3 Viðvarandi sjúkdómsástands einhvers í fjölskyldunni.
- 1.4 Meðgöngu, barnsfæðingar eða tengdra atvika.
- 1.5. Veikinda sem rekja má til misnotkunar áfengis, lyfja, eða áverka sem viðkomandi veldur sjálfum sér.
- 1.6. Ofnæmis fjölskyldumeðlima fyrir kettinum.

2. Váttryggingarfjárhæð

- 2.1 Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Váttryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs,

3. Bótatími

Bótatími getur ekki orðið lengri en 60 dagar á hverju váttryggingartímabili.

4. Bótakrafa.

- 4.1 Bótakröfu vegna umönnunar skal fylgja læknavottorð um tímabil og veikindi þess einstaklings í fjölskyldunni sem er þess valdandi að ekki er hægt að halda kettinum á heimilinu.
- 4.2 Ennfremur þarf váttryggingartaki að skýra frá ástæðum þess að ekki var hægt að sjá



kettinum fyrir umönnun á heimilinu. Skila þarf inn frumriti af reikningi dýrahótelsins.

ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.

VII. Ábyrgðartrygging

Efnisyfirlit:

1. Ábyrgðartími
2. Bótasvið
3. Váttryggingarfjárhæð
4. Eigin áhætta
5. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
6. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
7. Staða tjónþola við tjón
8. Meðferð bótakrafna

Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum saknæmum og ólögætum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir váttryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem váttryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber váttryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er váttryggðum bent á að lesa ábyrgðartryggingarskilmálann með þetta í huga.

Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

1. Ábyrgðartími

- 1.1 Váttryggingin tekur til váttryggingaratburðar sem verður á váttryggingartímabilinu.
- 1.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímabilinu ekki í

- 1.3 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en váttryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímabilinu.

2. Bótasvið

Váttryggingin bætir:

- 2.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar váttryggðs sem fellur á hann sem eiganda kattar samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Váttryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar.

Váttryggingin bætir ekki:

- 2.2 Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem váttryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
- 2.3 Tjón sem fjölskylda váttryggðs verður fyrir. Til fjölskyldu teljast makí (sambúðarmaki) váttryggðs, börn og annað skyldulið, enda eiga þessir aðilar sameiginlegt lögheimili. Ofangreint ákvæði á einnig við um umsjónaraðila kattarins hverju sinni.
- 2.4 Tjón á munum sem váttryggður eða aðilar samkvæmt gr. 2.3 hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu.
- 2.5 Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- 2.6 Tjón sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum sem við eiga um viðkomandi dýrahald.
- 2.7 Kaup, dagpeninga eða aðrar greiðslur, sem váttryggða ber samkvæmt lögum eða samningi að greiða manni sem orðið hefur fyrir slysi.
- 2.8 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- 2.9 Tjón sem rekja má til þess að kettinum verði á mistök við starfa sinn.

3. Váttryggingarfjárhæð

- 3.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök



teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.

- 3.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu vátryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni.
- 3.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.
- 3.4 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

4. Eigin áhætta

- 4.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 4.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

5. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

6. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 6.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 6.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 6.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati

félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

- 6.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.
- 6.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

7. Staða tjónpola við tjón

- 7.1 Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónpóli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónpóla um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 7.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.
- 7.3 Nú tilkynnir tjónpóli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónpóla um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 7.4 Um stöðu tjónpóla að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Meðferð bótakrafna

- 8.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 8.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2011.